

Stúdentaráðsfundur

9. nóvember 2010

Mættir:

Fannar Freyr (Röskva), Magnús (Röskva), Gabriella (Röskva), Aron Björn (Vaka), Hjördís Perla (Vaka), Jens Fjalar (Vaka), Guðrún Sóley (Vaka), Heimir (Vaka), Stefán Þór (Vaka), Stefán Rafn (Skrökva), Viktor Orri (Skrökva), Björn Rafn (Röskva), Kristín Helga (Röskva), Lilja Dögg (Vaka).

Áheyrnarfulltrúi:

Eva Björk, frkv.stjóri Stúdentaráðs

1. Kynning frá FS

Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri FS, og Rebekka Sigurðardóttir kynna stuttlega starfsemi FS. Þar er fjallað um: Starfsmannastefnu, stúdentagarða, Bókasölu stúdenta, veitingasölu t.d. Hámu, Stúdentaliðun, Leikskólar Stúdentana.

Einnig segir hún frá því að FS er ekki rekið með hagnaðarsjónarmið í huga og að FS sé að velta í kringum 1700 milljónum árið 2010 og veltan hafi farið hækkandi undan farin ár. FS vill viðhalda eignum og halda áfram uppbyggingu.

Björn Rafn spyr hvort það sé munur á leikskólagjaldi FS og leikskólagjaldi á almennum markaði. FS er í samtökum sjálfstæðra skóla, sjálfstæðir skólar gera samning við sveitarfélög og fá niðurgreiðslur frá sveitarfélögum. Tekjurnar standa saman að framlagi frá foreldrum og sveitarfélögum. Baráttan snýst um að fá hærri tekjur frá sveitarfélögum eða jafn háar og opinberir leikskólar. FS er í dag með sömu gjaldskrá og opinberir skólar. Til að lækka kostnað foreldra þarf að hækka mótframlagið frá sveitarfélögunum.

Verðið á leikskólum er lægra en hjá dagmömmum hjá yngri börnum (0-2 ára). Leikskólarnir hafa verið í hallarekstri.

Björn Rafn spyr svo hvort að FS hafi eitthvað velt fyrir sér að notfæra þann mannauð sem býr á menntavísindasviði og fá nemendur sem eru að læra til leikskólakennara til að taka hluta af sínu námi út í starfsþjálfun í leikskólum FS undir leiðsögn menntaðra leikskólakennara. Með þeim hætti yrðu leikskólarnir að einhverju leyti reknir af stúdentum fyrir stúdenta og lækka þannig kostnað og gjaldskrá. FS hefur barist fyrir þessu í mörg ár. SHÍ er hvatt til að taka þetta mál upp og FS mun styðja við þá baráttu í kjölfarið. Jafnframt er spurt hvort að viljrði sé fyrir því að þjónusta sveitarfélaga við stúdenta sem eru barnafólk verði ókeypis eða allavega afslættir af eins og tíðkast á norðurlöndum. SHÍ er sömuleiðis hvatt til að taka þetta mál upp.

Viktor Orri spyr hvort FS hafi áhuga á veitingarekstri í t.d. Stakkahlíð og Þjóðarbókhöðunni? Skiptir máli að SHÍ beiti sér fyrir þessu, þá mun FS fagna því og fylgja á eftir. HÍ gerir samninga við Baunina á menntavísindasviði, og sá samningur er tiltölulega nýr. FS hefur fengið að segja margt um teikningar að Húsi íslenskra fræða, og þau hafa hug á að vera með "litla" Hámu þar. Byggingin verður staðsett nálægt Þjóðarbókhöðunni. Húsið á að vera tilbúið um 2013.

Kynning fer svo fram á efnahagsreikningi og rekstrarreikningi FS. Viktor spyr hvernig skipað er í stjórn FS: þrír frá SHÍ, einn frá menntamálaráðuneyti og HÍ. Þar að auki eru áheyrnarfulltrúar sem er annarsvegar fulltrúi starfsmanna FS og formaður SHÍ.

2. Háskóli Íslands 100 ára

Sæunn Stefánsdóttir kynnir stöðu undirbúnings aldarafmælis HÍ 2011. Koma því á framfæri til almennings af hverju HÍ skiptir máli og í hverju fjölbreytt starf hans felst. Hugmyndin er að nota alla atburði innan HÍ og pakka þeim inni “afmælisþappír”. Útgjöldum verði stillt í hóf.

Í upphafi árs verður framtíðarstefna skólans kynnt (2011-2016). Öll svið eiga fræðisviðsmánuð, þar sem þau halda viðburði. Afmælishátíðin verður haldin í Hörpu 8. október. Margir fleiri viðburði verða í haustmánuðum þessa árs, en aðal veisluhöldin fara fram á haustmánuðunum en lok veisluhaldanna verða 1. des 2011. Sæunn segir að hún vilji gjarnan að SHÍ aðstoði þau í afmælishöldunum.

Pétur Markan og Hjördís Perla kynna þeirra vinnu hvað varðar stúdentamánuðinn. Þau vilja gera þá atburði sem SHÍ stendur fyrir íburðarmeiri. Þau vilja t.d. halda stúdentaleika með góðgerðarívafi þar sem safnað verður peningum fyrir góð málefni. Þau vilja líka halda fullt af litlum viðburðum þar sem allt listafólk og hæfileikafólk í HÍ yrði fundið. Dæmi um mögulegan einn slíkan viðburð er saxafón einleikur í læknagarði frá 8.15-8.30. Einnig eru hugmyndir á lofti um að gjöf LHÍ til HÍ yrði að nemendur skólans myndu standa fyrir fjölbreyttum atburðum út um allt háskólasvæðið sem yrði allan september mánuð. Í lok september yrði svo afmælisdansleikur stúdenta HÍ.

SHÍ kemur sér saman um að september sé góður mánuður í að halda þetta og sammælast um það að þetta sé góð hugmynd af “stúdentamánuðinum”. SHÍ kemur sér saman um að dansleikurinn yrði haldinn 8. október eða á afmælisdaginn. Þá verður afmælisveisla/ball stúdenta eftir hátíðarhöldin í Hörpu.

3. Fundargerð síðasta fundar Samþykkt.

4. Breyting á lögum Greiningarsjóðs SHÍ

Jens Fjalar gerir grein fyrir því að á fundi stjórnar Greiningarsjóðs SHÍ hafi verið komið fram með hugmyndir að breytingum. ADHD hefur aldrei verið í lögum sökum þess að það er ekki flokkað sem sérstakir námsörðugleikar í fræðilegum skilningi en það hefur samt alltaf verið veittur styrkur sökum þess. Breytingin felst í því að ADHD er tekið inn í lögin. Þetta er samþykkt.

5. Sjúkra- og upptökupróf

Skrifstofa SHÍ bjó til yfirlýsingu í samstarfi við formenn nemendafélaga í um sjúkra og upptökupróf. Þessi yfirlýsing fór inn á borð Háskólaráðs sem Guðrún Sóley og Fannar Freyr fluttu. Rektor sagði að gögnin hefðu borist of seint og þ.a.l. yrði ekki upplýst

umræða hjá ráðsmönnum og lagði til að þessu umræðuefni yrði frestað til næsta háskólaráðsfundar. Hún hins vegar vísaði þessu til kennslumálanefndar og gæðanefndar til umsagnar.

Nokkrir fulltrúar SHÍ og nemendafélaga hittu svo kennslumálanefnd á fundi á mánudaginn þar sem málinn voru rædd og mismunandi sjónarhorn og skoðanir kynntar.

Umræður skapast um upptökupróf í janúar og júní, eða bara júní. Umræður um hvaða forgangsroðun sé berst í baráttu SHÍ er meðal SHÍ um að ágætis útgangspunktur sé að berjast fyrir upptökuprófum til að byrja með í júní og svo er hægt að berjast fyrir upptökuprófum í júní og janúar. Næstu skref verða ákveðinn í kjölfar umsagnar kennslumálanefndar.

6. Niðurskurður

Það er búið að smíða “pramma” sem á endanum á að verða baukur/skúlptúr til að vekja athygli á niðurskurði innan HÍ. Jens Fjalar leggur til að rölt verði með þennan skúlptúr/bauk niður á Austurvöll og afhenda þingmönnum “skýrsluna” 17. nóvember klukkan 13.30, þetta er samþykkt. Lilja Dögg segir að mikilvægt sé að fá nemendafélögin með í þetta og fá þau til að mæta.

7. Sumarpróf 2011

Guðrún Sóley segir frá því að Háskólaráð hafi tekið umsögn SHÍ til sumarprófa fyrir. Í stuttu máli sagt þá var Háskólaráð ekki spennt fyrir þessu, hrukku í baklás og umsögninni var hafnað. Rektor stakk upp á því að niðurstaða háskólaráðs yrði þriðjætt:

1. Samþykkt að fella niður sumarprófin.
2. Að mögulega væri sjónarhorn SHÍ skiljanlegt og skoða þyrfti sumarpróf sem framtíðarmöguleiki.
3. Að opna Ugluna fyrir, þannig hægt væri að byrja að lesa fyrir áfanga fyrir og þá geta stúdentar mögulega tekið fleiri áfanga á haustönn.

Engin formleg kosning fór fram um þessa tillögu og engar umræður fóru fram um þetta. Í fundargerð fundarins stendur að einróma samþykki hafi fengist fyrir þessu, Fannar Freyr sendi ritara Háskólaráðs tölvupóst um það að fulltrúar stúdenta hefðu ekki samþykkt þessar tillögur.

Guðrún Sóley segir að ótrúlegt sé að Háskólaráð HÍ starfi á svona ólýðræðislegum grundvelli og vinnubrögðin séu með þessum hætti.

Umræður skapast um þetta.

SHÍ kemur sér saman um að við verðum að fara að vinna í að útbúin verði störf fyrir stúdenta næsta sumar, sökum þess að sumarannir verða ekki. Það þarf að virkja stúdentamiðlun betur t.d. Með því að gera vefsíðuna betri.

8. Fréttir af skrifstofu

Greiningarsjóður SHÍ: Fyrsta úthlutun á þessu námsári stendur nú yfir en frestur til að sækja um í Greiningarsjóðinn var til 1. nóv sl.

Oktoberfest: Nú er komið á hreint að Oktoberfest í ár kom út í talsverðum gróða. Einhver fjárhæð fellur því í skaut Stúdentaráðs – enn er þó óvíst hversu há hún verður.

Fjórir námsmenn frá Charles University í Prag komu í heimsókn á dögunum til að kynna sér fyrirkomulag og starfsemi Stúdentaráðs. Stúdentarnir höfðu fengið styrk vegna verkefnisins og dvöldu hér í fjóra daga. Reyndist dvölin þeim mjög lærdómsrík að eigin sögn. Styrkurinn felur jafnframt í sér heimsókn þriggja starfsmanna SHÍ til Prag til að kynna sér starfsemi þeirra. Jens Fjalar, Gabriella og Auður Alfifa fara til Prag á fimmtudaginn kemur, þann 11. nóvember, og koma aftur sunnudaginn 14. nóvember.

Formannafundur: Var haldinn í fimmta skiptið á þessu námsári miðvikudaginn 3. nóvember. Formenn hafa mætt virkilega vel á þessa fundi og hafa þeir gefist mjög vel. Áætlað er að síðasti fundur þessa starfsárs verði haldinn í janúar.

HásKolaport: Flóamarkaður stúdenta var haldinn á Háskólatorgi laugardaginn 6. nóvember. Alls voru um 32 básar á markaðnum og fylltust þeir tiltölulega fljótt – í rauninni gafst ekki færi á að senda fjöldapóst til nemenda um lausa bása þar sem þeir voru þá þegar orðnir fullir. Allt gekk vel fyrir sig og hefur þetta vakið jákvætt umtal meðal nemenda. Mælst verður til þess við næsta starfsár Stúdentaráðs að halda sambærilegan markað á næsta misseri.

Vinnufundur um sumarpróf 2011: Eins og ákveðið var á síðasta Stúdentaráðsfundi var haldinn vinnufundur vegna umsagnar Stúdentaráðs um tillögu Kennslumálanefndar HÍ þann 25. október sl. Umsögnin var mótuð af þeim sem örfáu sem að mættu á fundinn. Menntamálanefnd SHÍ skipulagði svo sömuleiðis fund með Kennslumálanefnd HÍ þann 8. nóvember þar sem stúdentum gafst færi á að spyrja nefndina nánar út í tillögur sínar.

Aukafulltrúaráðsfundur BN: Verður haldinn 15. nóvember næstkomandi. Þar verður tekin til afgreiðslu endurskoðaðir reikningar félagsins, breytingar á samþykktum, ákvörðun um aðildargjöld félagsins og kjör endurskoðanda.

Aðgangur að gömlum prófum: Búið er að senda tilkynningu til nemenda v. rétt þeirra til að fá aðgang að gömlum prófum. Margar ábendingar hafa borist skrifstofunni. Erum nú að vinna að greinargerð um þennan réttindi nemenda til að fá afrit af gömlum prófum sem verður lögð fyrir Háskólaráð (eða aðra viðeigandi nefnd innan HÍ).

Breyttur opnunartími: Starfsmenn skrifstofunnar hafa ákveðið að breyta opnunartíma skrifstofunnar úr 9 – 17 í 8 – 16.

Fullveldisdagurinn 1.des: Skipulag fyrir 1.des er hafin. Dagskrá verður með sama sniði og fyrri ár: Skemmtiatriði og ávarp frá nemendum, ávarp frá Forseta Íslands, lagður krans á leiði Jóns Sigurðssonar, súpa í boði, tónlistaratriði og smákökur.

9. Önnur mál

Næsti Stúdentaráðsfundur verður haldinn 20 desember.